

Leikfélag Reykjavíkur sýnir
ÁSTIN SIGRAR
 eftir Ólaf Hauk Simonarsson
 Leikstjóri: Þórhallur Sigurðsson
 Leikmynd: Jón Þórisson

Það eru ýmsir skemmtilegir sprettir í þessum gamanleik Ólafs Hauks og hann sýnir víða að hann er laginn við að skrifa skemmtileg tilsvör, einkum þegar hann er að skopast að ýmsum tískufyrirbærum samtímans, svo sem vaxtarækt og heilsufæði, en sem heild er þetta verk ófullburða, enda tæplega til þess stofnað af hendi höfundar að það yrði sýnt á þessu sviði. Hinn eiginlegi söguþráður er bæði ófrumlegur og heldur losaralega spunninn, og höfundur grípur til þess ráðs að fylla uppí eyður hans með revíukenndum þáttum eins og vaxtaræktarþætti og atriði á austurlensku veitingahúsi, sem eru ágætir sem slíkir en hanga einhvern veginn utan á verkinu. Uppgjörð í lokin er vandræðalega augljóst og tilraunir til að skopast að tilviljunum þeim sem víða snýst yfir í slappstíkk og beitir hinum margvíslegustu leikbrögðum til að lifga uppá sýn-

Ólafur Haukur er verulega orðhagur höfundur og myndinn, en honum hefur ekki tekist að skrifa gamanleik sem stendur fyrir sínu á sviði. Svo virðist reyndar sem Þórhallur Sigurðsson hafi ekki treyst textanum sérlega vel, því að hann setur verkið upp í afskaplega ýkjukenndum stíl sem víða snýst yfir í slappstíkk og beitir hinum margvíslegustu leikbrögðum til að lifga uppá sýn-



Valgerður Dan og Gísli Halldórsson í hlutverkum sínum í Ástin sigrar. Myrdina tók Valdis á æfingu.

Leiklist


Skemmtilegir sprettir, en...

inguna. Þetta er oft gert af mikilli hugkvæmni og næmu auga fyrir sviðshreyfingum, enda Þórhallur gamalreyndur meistari á þessu sviði. En ýkjustíllinn gengur víða of langt, verður innantómur og þreytandi. Upphafsaatriðið er t.d. of langt og tætingslegt og hin sífellda grímunotkun Hermanns er bara myndin rétt fyrst. En sum atriðin takast ljómandi vel sem slík, t.d. atriðið á veitingahúsinu sem var verulega vel útfært og karatehöggið óborganlegt.

Það verður að teljast meira en hæpið að velja Kjartan Bjargmundsson í hlutverk Hermanns.

Kjartan getur aldrei orðið trúverðugur sem tónskáld í miðaldurskrísu sem er að skilja eftir fimmtán ára hjónaband. Aldursmunur hans og Valgerðar Dan er einfaldlega alltof mikill. Það hefur hins vegar verið freistandi að velja Kjartan vegna þess að hann er góður slappstíkkleikari, og auk þess verður að segjast að það er ótrúlega lítið úrval karleikara á aldrinum kringum 40 í landinu. Þótt Kjartan gerði margt vel var hann einfaldlega utangátta í hlutverkinu af því að hann átti nánast enga möguleika á að passa inn í það.

Gísli Halldórsson féll hins vegar mjög vel að hlutverki Nóa tannlæknis og lék þennan út-



SVERRIR HÖLMARSSON

smogna sjarmör af ismeygilegri kímni. Gísli er farinn að gæta

meir hófstillingar í gamanleik sínum en hann átti stundum vanda til hér áður fyrr og fer það honum vel.

Valgerður Dan fer rösklega með hlutverk Dóru og skilar tilsvörum sínum mjög hnyttilega. Ása Svavarsdóttir lýsir grænmetisættunni og góðustúlkunni Kristínu af góðlátlegri kímni þannig að góðmennskan og einfeldnin skín af henni. Jón Hjartarson geislar af heilbrigði og heimsku sem vaxtaræktarmaður, en aulabrandarar hans verða einum af margir. Briet Héðinsdóttir er í fremur vandræðalegu

hlutverki sem aðstoðarstúlka tannlæknisins en notar vel þau tækifæri sem henni bjóðast. Margrét Ólafsdóttir er í öðru heldur klaufalegu hlutverki sem móðir Hermanns en býsna aðsópsmikill á stundum, þó að þáttur hennar í leiknum verði mestanpart utan-garna. Þá birtist Steindór Hjörleifsson í ýmsum gervum, bestur dulbúinn sem kínverji. Um hlutverk Helga Björnssonar er best að segja sem fæst, en hann á enga sök á því hvernig fer.

Jón Þórisson hefur gert mjög haganlega og snotra leikmynd og skiptingar gengu einsog smurðar.

Gamla, góða félagsraunsæið


Kjartan sýnir í vestursal Kjarvalsstaða

Kjartan Guðjónsson listmálari sýnir um þessar mundir á Kjarvalsstöðum. Þar má sjá 54 olíumálverk eftir hann og 17 vatnslitamyndir. Öll eru verkin gerð á undanförunum þremur árum og eru þau af-rakstur nýrrar sáningar að lokinni sýningunni 1981, en þá sýndi Kjartan einmitt verk sín að Kjarvalsstöðum.

Sem fyrr er sjávarútvegurinn meginþema Kjartans, einkum fiskvinnslan. Málverk Kjartans eru eins konar framhald á myndum Schevings, í eiginlegum jafnt sem óeiginlegum skilningi. Við fáum að sjá hvað verður um aflann sem karlarnir hans Schevings voru að fiska fyrir aldar-fjórðungi. En þetta er ekki fiskvinnsla með nútímalegu sniði, hausavélum, sjálfvirkum skel-plokkurum eða ljósaborðum til að röntgenskoða þorskin, heldur gamaldags aðferðir eins og þær gerðust á „gullöld“ sjósóknarinnar. Það eru síldarævintýri sem standa Kjartani fersk fyrir hugskotssjónum, þau ævintýri sem Sigurður Ólafsson söng um svo listilega.

Líkt og allar slíkar atvinnu-

myndir eru málverk Kjartans trega blandin, vegna þess að þau fjalla um grósku og uppgang einhvern tíma í fortíðinni. Þetta eru m.ö.o. táknmyndir, eða öllu heldur safnmyndir um atvinnulíf, þar sem verkmenntan er hafin í hetjulegar hæðir og rómantískar. Þannig er inntakið í verkum



HALLDÓR B. RUNÓLFSSON


Kjartans yfirleitt „sósíal-realist“ um leið og umgjörðin er „pseudo-kúbísk“. Scheving var einnig sósíal-realistur og pseudo-kúbískur, en sjómenn hans voru meir af holdi og blóði en fiskverkafólk Kjartans. Scheving kunnir einnig þá list að fíllgera rétta hluti. Hann hóf upp mennina í sjóstökunum og jók á hetjuásýnd þeirra með óvenjulegum sjónarhornum sem undir-strikuðu eilífa baráttu sjómanns-

ins við óbliða náttúru. Kjartan fíllgerir ranga hluti, nefnilega umhverfi verkafólksins í stað þess sjálfs. Jafnvel múkkinn sest stílltur og montinn á stólpann við hlið beitingamannsins eins og hann vilji segja: „Sjáðu hvað við erum góðir saman. Svona bjarga ég nú myndbyggingunni þér til heiðurs.“

Þannig vinnur allt saman í myndum Kjartans: menn, baujur og mállýsingar. Allir eru staðráðnir í að gera myndina sem heillegasta og verður reyndar að ósk sinni: Allt er eitt allsherjar harmoní og engir endar eru lausir.

Það er einmitt þetta pottþétta samræmi sem gerir myndir Kjartans svo saknaðarkenndar og um leið eilítið gamaldags eins og óskalagapáttinn „Á frivaktinni.“

Þær minna einnig á þá tíð þegar listamönnum var sem mest í mun að finna málamiðlun milli persónulegrar tjáningar og opinberrar listþarf, eða krafna um auðskilda list. Þeir Stalín og Hríflur-Jónas vildu vita á hvað þeir voru að góna og þess vegna var gott fyrir listamennina að hafa eitthvað pottþétt og hetjulegt í handröðunum ef svo bar undir til



að fela með of áberandi formalisma.

Seinna voru flestir listamenn dauðfegnir að losna undan þeirri kvöð sem fylgdi því að þurfa að gera myndir samkvæmt dyntum ráðamanna. En síðan Kjartan snéri aftur til hlutlægra frásagnar-

háttu hefur hann einhverra hluta vegna kosið að endurvekja markvisst þessar gömlu klisjur. Eflaust fær hann mörg hjörtu til að slá örar, því ef eitthvað er pottþétt þá er það kúnt sem er ákveðin fyrirfram og ekki þarf að þæla í eftir að hún er orðin sjálfúllandi.